

Ár 1983, miðvikudaginn 2. mars, var í málinu nr. 16/1982 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 12. ágúst 1982 var lóðin Leynimýrarblettur 1 í Reykjavík metin á kr. 795.600,- og lóðin Leynimýrarblettur 1a á kr. 37.500,-. Fyrirnefnda lóðin er 31.825 m² að stærð, en sú síðarnefnda 1500 m². Með bréfi 21. október 1982 kærði Björn Andrésson nefndan úrskurð til nefndarinnar og krefst hækkunar fasteignamats. Vísar kærandi til fasteignamats Leynimýrarbletts 4 og fasteignamats Leynimýrarbletts 1 frá 26. nóv. 1927.


Málið var sent Reykjavíkurborg til umsagnar, en frá borgaryfirvöldum hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.


Ekki er um misræmi að ræða í mati Leynimýrarbletts 4 og þeirra lóða, sem kært er út af. Athugun þykir leiða í ljós, að umræddar lóðir séu ekki of lágt metnar. Kæran er því ekki tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.


Gaukur Jörundsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon